

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir fór í dag í opinbera heimsókn til Frakklands. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 12. apríl 1983.

Gunnar Thoroddsen.

Gísli Arnason.

Nr. 44

LÁNSFJÁRLÖG

28. mars 1983

fyrir árið 1983.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 852 100 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 188 000 þús. kr.

2. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 860 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum.

3. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1983 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila að fjárhæð allt að 33 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 31 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituf framkvæmdum.

5. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituf framkvæmda og skuldbreytinga sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1983 að fjárhæð 95 800 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1983 að fjárhæð 180 100 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.